# LÖG

**36**
23. júní

um

**breyting á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóv. 1913.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir orðunum: „Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki“ í 11. gr. laga frá 10. nóv. 1913 komi: og ganga festa-, lesta- og uppsátursgjöld af vélbátum og öðrum skipum í 1 ár eftir gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipum og bátum, samhliða vita- og lestagjaldi til ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Þorsteinn Briem.*